

Benchmark Genetics Iceland hf.
Bæjarhrauni 14
220 Hafnarfjörður

Egilsstaðir, 8.9.2023
UST202302-136/F.Æ.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 21.8.2023 - Benchmark Genetics, Vogavík

Þann 21. ágúst sl. fór fram eftirlit í fiskeldisstöð Benchmark Genetics Iceland hf., í Vogavík. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnu-
rekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitskýrsla.

Engin eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram.

Fjórar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Huga þarf að nákvæmni mælinga á efnainnihaldi í vatnssýnum.
2. Tómum ílátum undan spilliefnum skal reglulega koma í viðeigandi förgun svo þau safnist ekki upp í geymslu rekstraraðila.
3. Viðeigandi öryggisblöð skulu geymd þar sem spilliefni eru annað hvort geymd eða notuð.
4. Hindra skal aðgang villtra fugla að útrás stöðvarinnar.

Eitt frávik kom fram er varðar:

1. Gr. 3.5 í starfsleyfi. Engar myndir voru teknar við útrásina árið 2022 en slíkar myndir á að taka tvisvar á ári.

Komið hefur fram í gögnum frá rekstraraðila að myndir hafi verið og verði teknar af útrásinni árið 2023. Litið er á þær upplýsingar sem fullnægjandi áætlun um úrbætur sbr. 58. grein reglugerðar nr. 550/2018

Virðingarfyllst

Freyr Ævarsson
sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur